

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifirði

Reykjavík, 28. nóvember 2022
UST202203-025/G.S.O.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. júlí 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. á Eskifirði þann 5. júlí 2022. Úrbótaáætlun rekstraraðila hefur borist stofnuninni.

Sex frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. Frávikin varða:

1. Gr. 2.17 í starfsleyfi. „Niðurstöður frárennismælinga sem gerðar voru í mars 2020 sýndu að COD væri of hátt. Ekki hefur verið gerð önnur mæling á árinu, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi, og ekki vitað til þess að einhverjar úrbætur hefðu verið gerðar á búnaðinum eftir mælinguna.“
 - Skýrsla dags. 17.2.2022 staðfestir að mælingar á COD, fitu og svifögnum í frárennsli eru innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi.
 - Til stendur að endurtaka frárennismælingu á makrílvertíð í sumar (2022).
 - Ráðgert er að endurnýja rör fyrir inndælingu á sjó sem er nýttur til kælingar í verksmiðjunni. Verkið er á áætlun og eru áætluð verklok 1. október 2022.
 - Hreinsunarkari verður bætt við á árinu.

Í ljósi ofantalins var frávikinu lokað með bréfi 28. júlí sl. Farið verður yfir úrbæturnar í seinna eftirliti ársins en samkvæmt nýrri úrbótaáætlun hefur hreinsunarkari nú verið bætt við og áætluð verklok fyrir endurnýjun rörs fyrir inndælingu á sjó eru 31. desember 2022.
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. „Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið.“

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er stefnt að mælingu á síld og kolmunna á árinu 2023.
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. „Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.“

Samkvæmt úrbótaáætlun er stefnt að því að halda áfram með vinnu er varðar skýrslugerð um sjálfbærni/umhverfismál og eru áætluð verklok 31. desember 2023.
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. „Viðbragðsáætlun fyrirtækisins þarf að uppfæra.“

Viðbragðsáætlun, dags. 9.3.2022, hefur verið send Umhverfisstofnun og var frávikinu því lokað með bréfi 28. júlí sl.
5. Gr. 4.5 í starfsleyfi. „Mengunaróhapp var ekki tilkynnt til eftirlitsaðila þegar þéttir í dælu í soðkjarnateki í verksmiðjunni bilaði sem varð til þess að talsvert af soði fór í sjóinn.“

Verklagsreglur fyrir fiskimjölsverksmiðju og endurskoðun áhættumats var lokið 5. september 2022 og frávikinu því lokað.

6. Gr. 20.1 og 20.2 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar lýsislagnir og allar löndunarlagnir fyrir lýsi og olíu.

Samkvæmt skýrslu frá rekstraraðila fór þrýstiprófun fram 8. nóvember 2022 og frávikin því lokað.

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, er varðar:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr.851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert.

Umrædd gögn bárust Umhverfisstofnun í byrjun júní og var frávikin því lokað með bréfi 28. júlí sl.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur